

OPIÐ BRJEF**81**

21. des.

**er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar
föstudaginn 15. febrúar 1929.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt stjórnarskrá konungsríkis-
ins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta
Alþingi koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrú-
ar 1929.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu
eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og
verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram
í dómkirkjunni.

Gefið á Amaliuborg, 21. desember 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGSBRJEF**82**

21. des.

um setning Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem forsætis-
ráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er
koma á saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1929.

Gefið á Amaliuborg, 21. desember 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.